



# Seglar Vesturlands út frá leitaráhuga

Maí 2024

# MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

## Seglar Vesturlands út frá leitaráhuga

Maí 2024

Í þessari skýrslu gerum við grein fyrir úttekt á leitaráhuga í Bandaríkjunum, Bretlandi og Íslandi á ferðatengdum leitarorðum fyrir Vesturland. Enn fremur birtum við heildarfjölda myllumerkja á bak við Instagram-pósta vinsælustu ferðamannastaðanna sem gefur einnig vísbendingu um vinsældir viðkomandi staða. Við munum sýna niðurstöður heilt yfir allt Vesturland en einnig fyrir hvert svæði fyrir sig, en þau eru; Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjarðarsveit, Snæfellsnes og Dalir. Enn fremur birtum við niðurstöður yfir vinsældir bæja á svæðinu í leit á þessum þremur mörkuðum. Að lokum túlkum við niðurstöðurnar og veitum ráð í sambandi við þá vinnu sem framundan er.

### 01 Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands út frá leitaráhuga

*Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands – topp 10*

*Ferðamannastaðir sem voru næst topp 10 – sæti 11-20*

*Vinsælustu ferðamannastaðir fyrir Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Borgarbyggðar – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Snæfellsnes – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Dalabyggðar – topp 5*

### 02 Vinsældir bæja á Vesturlandi í leit

### 03 Niðurstöður

### 04 Ráðleggingar

### 05 Nokkur orð um west.is

### 06 Framhaldið

### 07 Úrvinnsla gagna og heimildir

### 08 Viðauki: Trend í leit

### 09 Viðauki: Myndir

### 10 Viðauki - leitaráhugi í Þýskalandi og Frakklandi

*Datera – Maí 2024*

*Elisabet Emma Pálsdóttir, [elisabet@datera.is](mailto:elisabet@datera.is)*

*Hjalti Már Einarsson, [hjalti@datera.is](mailto:hjalti@datera.is)*

*Sigrún Anna Guðnadóttir, [sigrun@datera.is](mailto:sigrun@datera.is)*

## Skilgreining

Þessi úttekt hefur það að markmiði að finna helstu segla Vesturlands út frá leitaráhuga frá þremur mörkuðum. En hvað er segull? Segull er hlutur með segulmagn, þ.e. hlutur sem myndar segulsvið. Segull hefur aðdráttarafl og í eðlisfræðinni er aðdráttarafl sá eiginleiki hluta sem hafa massa, að dragast hver að öðrum. Í ferðaþjónustu er talað um að seglar séu þeir ferðamannastaðir sem hafa þann eiginleika að laða að sér fólk, annað hvort til landsins eða á tiltekið svæði.

## Varðandi rithátt leitarorða

Heiti margra af þeim stöðum sem minnst er á í skýrslunni má stafsetja á mismunandi vegu. Til að auðvelda lestur skýrslunnar þá munum við aðeins nota eitt heiti fyrir hvern ferðamannastað. Sem dæmi má taka Snæfellsnes. Þegar Snæfellsnes er nefnt þá á það líka við um leitarorðin „Snæfellsnes“, „Snæfell peninsula“ o.s.frv. Annað dæmi er Kirkjufell, en það á líka við um leitarorðin „church mountain Iceland“, „mount Kirkjufell“, „mt. Kirkjufell“ o.s.frv.

## 01 Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands út frá leitaráhuga

Í þessum kafla verða niðurstöður greiningarinnar birtar. Fyrst setjum við fram topp 10 lista yfir vinsælustu ferðamannastaði Vesturlands í heild, en einnig verður birtur listi yfir þá staði sem voru næstir topplistanum. Í kjölfarið birtum við topp 5 listann fyrir Akranes og Hvalfjörð, Borgarfjarðarsveit, Snæfellsnes og Dali (Dalabyggð). Við greindum einnig leitaráhuga fyrir bæina á Vesturlandi, þeir eru Borgarnes, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Akranes, Ólafsvík, Reykholt, Bifröst, Búðardalur, Hellissandur, Varmaland, Hvanneyri, Rif og Melahverfi. Að lokum birtum við leitarniðurstöður fyrir landshlutana á Íslandi til að bera saman leitaráhuga á Vesturlandi samanborið við aðra landshluta.

Upplýsingar um aðferðafræðina og úrvinnslu gagna má finna í kafla 08.

Taflan hér fyrir neðan, tafla 1, sýnir hvaða ferðamannastaðir á Vesturlandi hafa flestar leitir að meðaltali á mánuði, á þremur markaðssvæðum:

- **US:** Leitir að meðaltali á mánuði í Bandaríkjunum sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 288 millj.)
- **UK:** Leitir að meðaltali á mánuði á Bretlandseyjum sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 62 millj.)
- **US & UK:** Samanlagður fjöldi leita í Bandaríkjunum og Bretlandi, án leita á Íslandi. Birt til að sjá eingöngu leitaráhuga utan Íslands og þá eru engin möguleg áhrif heimamanna.
- **IS:** Leitir að meðaltali á mánuði á Íslandi sl. 12 mánuði, hvort heldur af Íslendingum eða erlendum ferðamönnum sem eru staddir á Íslandi (stærð markaðar: 367 þús.)
- **Samtals:** Samanlagður fjöldi leita fyrir alla þrjá markaði þar sem mögulegur leitaráhugi heimamanna er hluti af heildartölunni.
- **Heildarfjöldi myllumerkja:** Fjöldi Instagram-pósta sem merktir eru með myllumerki er tengist viðkomandi ferðamannastað (gögn fengin í apríl 2024). Hafa ber í huga að fyrir staði sem bera alþjóðleg heiti þá er erfitt að aðgreina hvaða myllumerki eiga við Ísland.

Hafa ber hugfast að fjöldi leita fyrir hvern stað fyrir sig er ekki algjörlega tæmandi, heldur er þetta samtala helstu ferða- og upplýsingatengdra leitarorða og frasa fyrir viðkomandi stað. Yfirlitið gefur mjög góða mynd af því hvaða ferðamannastaðir eru vinsælastir í leit.

Niðurstöðum er ráðað eftir samanlögðum leitarfjölda á US og UK mörkuðum.

## Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands – topp 10

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Snæfellsnes	21.650	6.720	<b>28.370</b>	21.910	50.280	216.646
2	Kirkjufell	10.800	4.090	<b>14.890</b>	9.120	24.010	148.650
3	Húsafell	9.060	3.600	<b>12.660</b>	9.720	22.380	19.825
4	Glymur	6.300	6.200	<b>12.500</b>	11.520	24.020	25.327
5	Borgarnes	8.170	3.820	<b>11.990</b>	18.010	30.000	24.189
6	Snæfellsjökull	8.820	2.020	<b>10.840</b>	4.910	15.750	35.101
7	Stykkishólmur	6.810	2.440	<b>9.250</b>	11.770	21.020	25.216
8	Langjökull	5.520	3.230	<b>8.750</b>	4.210	12.960	29.169
9	Arnarstapi	5.650	1.660	<b>7.310</b>	4.820	12.130	22.610
10	Grundarfjörður	4.360	2.080	<b>6.440</b>	4.580	11.020	17.987

Tafla 1: Ferðamannastaðir á Vesturlandi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Þetta eru 10 vinsælustu ferðamannastaðirnir á Vesturlandi út frá leitaráhuga, með áherslu á US og UK en með IS til hliðsjónar.

Við munum nú stuttlega gera grein fyrir þessum 10 vinsælustu stöðum. Í viðauka (kafla 09: Trend í leit) munum við varpa ljósi á leitartrend fyrir þessa staði.

**Snæfellsnes** sker sig úr þegar kemur að leitaráhuga á erlendum mörkuðum og er með tæplega tvöfalt fleiri leitir en ferðamannastaðurinn í öðru sæti. Snæfellsnes ber einnig höfuð og herðar yfir aðra staði þegar kemur að fjölda myllumerkja, en það eru tæplega 217.000 myllumerki á Instagram.

Dæmi um leitir: Snæfellsnes, snaefellsnes, snaefell peninsula, o.s.frv.

**Kirkjufell** kemur næst á eftir Snæfellsnesi. Kirkjufell er einnig í öðru sæti þegar kemur að fjölda myllumerkja en það eru tæplega 149.000 myllumerki á Instagram. Þessar niðurstöður ættu ekki að koma neinum á óvart þar sem Kirkjufell er oft kallað „mest myndaða fjall Íslands“ vegna tilkomumikillar lögunar þess.

Dæmi um leitir: Kirkjufell, church mountain Iceland, mount Kirkjufell, mr. Kirkjufell o.s.frv.

**Húsafell** er í þriðja sæti sem vinsælasti ferðamannastaðurinn á Vesturlandi. Leitaráhugi á US markaði og IS markaði er nokkuð jafn, en örlítið meiri á IS markaði sem gæti gefið til kynna áhuga heimamanna en einnig að erlendir ferðamenn staddir hérlandis séu áhugasamir um Húsafell. Myllumerkin sem beinast að Húsafelli eru 19.825 talsins.

Dæmi um leitir: Húsafell, Husafell, Husafell Iceland.

**Glymur** er fjórði vinsælasti ferðamannastaðurinn á Vesturlandi og veur það athygli að leitaráhuginn er nokkuð jafn á milli US og UK markaðar, því almennt er fjöldi leita í US alla jafna meiri en í UK sökum stærðar markaðarins. Myllumerkin sem beinast að Glymi á Instagram eru 25.327 talsins.

Dæmi um leitir: Glymur, Glymur hike, Glymur waterfall, Glymur falls o.s.frv.

**Borgarnes** er í fimmta sæti. Leitaráhuginn fyrir US markaðinn er töluvert meiri en fyrir UK markað eða rúmlega tvöfalt meiri. Það veur einnig athygli að leitaráhuginn á IS markaði er gríðarlegur og kemst mjög nálægt leitaráhuga Snæfellsness á IS markaði, sem myndi setja Borgarnes í annað sæti ef litið er á heildarleitaráhuga fyrir alla þrjá markaði. Þar eru leitir frá heimamönnum að öllum líkindum hluti af niðurstöðum, þar sem Borgarnes er vinsæl stoppistöð hjá ferðamönnum. Myllumerkin sem beinast að Borgarnesi eru 24.189 talsins.

Dæmi um leitir: Borgarnes, Borganes, Borgarnes Iceland.

**Snæfellsjökull** er í sjötta sæti yfir leitaráhuga, en athygli veur að Snæfellsjökull er í þriðja sæti þegar kemur að fjölda myllumerkja á Instagram, en þau eru rúmlega 35.000. Hér má vekja athygli á að Snæfellsjökull þjóðgarður og Snæfellsjökull national park eru talin með í leitarfjölda.

Dæmi um leitir: Snæfellsjökull, Snæfellsjokull, Snæfellsjökull glacier, Snæfellsjökull national park, Snæfellsjökull volcano, Snæfellsjökull þjóðgarður o.s.frv.

**Stykkishólmur** er í sjöunda sæti. Leitaráhuginn er töluvert meiri á US markaði en á UK markaðnum. Leitaráhugi á IS markaðnum er mikill og er hann töluvert meiri en þegar leitaráhugi fyrir US og UK markaðir eru skoðaðir. Myllumerkin fyrir Stykkishólm eru 25.216 talsins.

Dæmi um leitir: Stykkishólmur, Stykkisholmur, Stykkishólmur ferry, Stykkishólmur Iceland, Stykkishólmur island o.s.frv.

**Langjökull** er í áttunda sæti. Langjökull skorar hátt þegar myllumerkin eru skoðuð en þau eru 29.169 talsins. Áhugavert var að sjá hversu mikill leitaráhugi er á íshellum á Langjökli, sem eykur vinsældir Langjökuls í leitaráhuga.

Dæmi um leitir: langjokull, langjökull, langjokull glacier, langjokull ice cave o.s.frv.

**Arnarstapi** er í níunda sæti. Útsýnisstaður Arnarstapa, þar sem litið er yfir ströndina og gönguleiðir á milli Arnarstapa og Hellna, vekur mikinn leitaráhuga á öllum þremur mörkuðum (US, UK og IS). Myllumerkin sem Arnarstapi finnst fyrir á Instagram eru 22.610 talsins.

Dæmi um leitir: arnarstapi, arnarstapi cliff, arnarstapi Iceland, arnarstapi cliff walk, o.s.frv.

**Grundarfjörður** er í tíunda sæti. Það er athyglisvert að sjá að leitaráhuginn er fremur jafn á milli US og IS markaðar, en leitaráhuginn er töluvert minni á UK markaðnum. Það má líklega rekja leitaráhuga ferðamanna á Grundarfirði til Kirkjufells þar sem Grundarfjörður er heimabær Kirkjufells. Myllumerkin sem beinast að Grundarfirði eru 17.987 talsins.

Dæmi um leitir: Grundarfjörður, grundarfjordur, grundarfjordur Iceland o.s.frv.



Mynd 1: Yfirlit yfir 10 vinsælustu ferðamannastaði Vesturlands út frá leitaráhuga.

## Ferðamannastaðir sem voru næst topp 10 – sæti 11-20

Einnig er vert að skoða þá ferðamannastaði sem voru næst því að komast inn á topplistann. Við birtum listann hér til upplýsinga en fjöllum þó ekki sérstaklega um þessa tilteknu staði, nema auðvitað þá sem rata inn á topplista skilgreindu svæðanna hér að neðan.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
11	Hvammsvík	4.310	2.020	<b>6.330</b>	6.860	13.190	1.933
12	Akranes	3.000	1.980	<b>4.980</b>	14.600	19.580	35.594
13	Búðir	3.890	1.010	<b>4.900</b>	4.220	9.120	22.706
14	Búðakirkja	3.190	1.130	<b>4.320</b>	3.650	7.970	1.192
15	Hraunfossar	3.040	1.260	<b>4.300</b>	3.700	8.000	20.932
16	Ólafsvík	2.490	1.510	<b>4.000</b>	4.940	8.940	8.460
17	Hellnar	2.890	740	<b>3.630</b>	2.310	5.940	11.146
18	Kirkjufellsfoss	2.790	610	<b>3.400</b>	1.980	5.380	34.701
19	Krauma	2.160	910	<b>3.070</b>	4.890	7.960	2.729
20	Djúpalónssandur	2.410	630	<b>3.040</b>	2.250	5.290	10.277

Tafla 2: Ferðamannastaðir á Vesturlandi sem voru næstir topp 10 listanum.

Eins og áður sagði munum við ekki fjalla sérstaklega um þessa staði en vert er að hafa þá í huga þegar vinna hefst við að ákveða segla svæðisins.



## Vinsælustu ferðamannastaðir fyrir Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið – topp 5

Í töflu 3 má sjá vinsælustu ferðamannastaði Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið út frá leitaráhuga.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Glymur	6.300	6.200	<b>12.500</b>	11.520	24.020	25.327
2	Hvammsvík	4.310	2.020	<b>6.330</b>	6.860	13.190	1.933
3	Akranes	3.000	1.980	<b>4.980</b>	14.600	19.580	35.594
4	Hvalfjörður	2.020	840	<b>2.860</b>	2.320	5.180	11.664
5	Hafnarfjall	610	360	<b>970</b>	770	1.740	1.512

Tafla 3: Ferðamannastaðir fyrir Akranes og Hvalfjörð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Við höfum fjallað um Glym hér að ofan, sem rataði inn á topp 10 listann, en hér bætast við fjórir nýir staðir sem ekki voru á topplistanum fyrir Vesturland.

**Hvammsvík** er í öðru sæti fyrir svæðið og er í 11. sæti á öllu Vesturlandi. Hvammsvík var opnuð í júlí 2022. Það er áhugavert að sjá hana rata inn á listana og hversu mikinn leitaráhuga staðurinn hefur á US og UK mörkuðum þar sem Hvammsvík er tiltölulega nýr ferðamannastaður. Hvammsvík er með töluvert fleiri leitir á IS markaði en á erlendum mörkuðum, sem gefur til kynna að heimamenn, sem og ferðamenn staddir á landinu, eru spenntir fyrir þessum ferðamannastað. Myllumerkin fyrir Hvammsvík eru 1.933 talsins. Það eru gríðarleg tækifæri fyrir Vesturland að auka vinsældir Hvammsvíkur þar sem áhugi á jarð- og sjóböðum er mjög mikill meðal ferðamanna.

Dæmi um leitir: Hvammsvík, hvammsvík, hvammsvík hot spring, hvammsvík geothermal sea bath o.s.frv.

**Akranes** er í þriðja sæti fyrir svæðið og 12. sæti á öllu Vesturlandi. Leitaráhuginn er töluvert meiri á US markaði en á UK markaði. Myllumerkin sem beinast að Akranesi eru 35.594 talsins.

Dæmi um leitir: Akranes, akranes guðlaug, akranes iceland map, akranes lighthouse o.s.frv.

**Hvalfjörður** er í fjórða sæti. Þegar leitaráhuginn er skoðaður er athyglisvert að sjá að hann er mjög svipaður fyrir US markaðinn og IS markað. Myllumerkin fyrir Hvalfjörðinn eru 11.664 talsins.

Dæmi um leitir: Hvalfjörður, hvalfjordur, hvalfjordur fjord, hvalfjordur iceland o.s.frv.

**Hafnarfjall** er í fimmta sæti. Það er áhugavert að sjá mismuninn á milli leitaráhuga á fjórða og fimmta sæti, það munar tæpum 2.000 leitum þarna á milli fyrir US og UK markaðinn, eða um 3.500 leitum ef við skoðum alla þrjá markaðina. Myllumerkin fyrir Hafnarfjall eru 1.512 talsins

Dæmi um leitir: Hafnarfjall, Hafnarfjall hike, Hafnarfjall mountain.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Borgarbyggðar – topp 5

Í töflu 4 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina fyrir Borgarbyggð.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Húsafell	9.060	3.600	<b>12.660</b>	9.720	22.380	19.825
2	Borgarnes	8.170	3.820	<b>11.990</b>	18.010	30.000	24.189
3	Langjökull	5.520	3.230	<b>8.750</b>	4.210	12.960	29.169
4	Hraunfossar	3.040	1.260	<b>4.300</b>	3.700	8.000	20.932
5	Krauma	2.160	910	<b>3.070</b>	4.890	7.960	2.729

Tafla 4: Ferðamannastaðir í Borgarbyggð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Borgarbyggð er með þrjá fulltrúa á topp 10 listanum, en allir fimm staðirnir rata á topp 20 listann. Efstu þrjá staðina höfum við fjallað um hér að ofan, en hér bætast tveir nýir staðir við.

**Hraunfossar** eru í fjórða sæti yfir vinsælustu ferðamannastaði í Borgarbyggð. Hraunfossar eru einnig í fimmtánda sæti yfir vinsælustu ferðamannastaði á Vesturlandi. Leitirnar eru tæplega helmingi minni en fyrir Langjökul. Myllumerkin sem Hraunfossar finnast fyrir eru tæplega 21 þúsund.

Dæmi um leitir: Hraunfossar, hraunfossar falls, hraunfossar iceland, hraunfossar waterfall hike, o.s.frv.

**Krauma** eru í fimmta sæti yfir vinsælustu ferðamannastaði í Borgarbyggð. Krauma er einnig í níttjándasta sæti yfir vinsælustu ferðamannastaði á Vesturlandi. Það er athyglisvert að bera saman leitaráhugann á erlendum mörkuðum og þeim íslenska og sjá að leitaráhuginn fyrir IS markað er um meira en helmingi meiri en fyrir US markað. Myllumerkin sem beinast að Kraumu eru 2.729 talsins.

Dæmi um leitir: Krauma, krauma baths, krauma natural geothermal baths and spa, krauma spa, krauma iceland o.s.frv.

## Vinsælustu ferðamannastaðir Snæfellsnes – topp 5

Í töflu 5 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaði á Snæfellsnesi. Eins og greint var frá hér að ofan hefur Snæfellsnesið sjálft gríðarlega mikinn leitaráhuga á öllum þremur mörkuðum og er í fyrsta sæti fyrir leitaráhuga á Vesturlandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Snæfellsnes	21.650	6.720	<b>28.370</b>	21.910	50.280	216.646
2	Kirkjufell	10.800	4.090	<b>14.890</b>	9.120	24.010	148.650
3	Snæfellsjökull	8.820	2.020	<b>10.840</b>	4.910	15.750	35.101
4	Stykkishólmur	6.810	2.440	<b>9.250</b>	11.770	21.020	25.216
5	Arnarstapi	5.650	1.660	<b>7.310</b>	4.820	12.130	22.610

Tafla 5: Ferðamannastaðir á Snæfellsnesi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Topp 5 ferðamannastaðirnir á Snæfellsnesi náðu allir inn á topp 10 listann fyrir Vesturland, sem styður þau gögn að Snæfellsnesið sé vinsælasti ferðamannastaður á Vesturlandi út frá leitaráhuga.

## Vinsælustu ferðamannastaðir Dalabyggðar – topp 5

Í töflu 6 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina í Dalabyggð. Þessir staðir ná ekki inn á topp 20 listann fyrir Vesturland.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Búðardalur	1.500	210	<b>1.710</b>	2.760	4.470	1.498
2	Guðrúnarlaug	500	130	<b>630</b>	640	1.270	463
3	Eiríksstaðir	290	130	<b>420</b>	580	1.000	592
4	Erpsstaðir	280	100	<b>380</b>	700	1.080	420
5	Hvammur	100	80	<b>180</b>	630	810	Na

Tafla 6: Ferðamannastaðir í Dalabyggð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Dalabyggð er eina sveitarfélagið sem hefur ekki fulltrúa á topp 20 listanum. Búðardalur er vinsælasti ferðamannastaðurinn í Dalabyggð með um 1.700 leitir á mánuði á US og UK markaði, en áhuginn er þó mikið meiri á US markaði. Guðrúnarlaug er næst á lista og er samanlagður leitaráhugi á US og UK markaði á pari við leitaráhuga á IS markaði.

Eiríksstaðir eru í þriðja sæti með 420 leitir á mánuði. Næst á eftir koma Erpsstaðir í fjórða sæti með 380 leitir, og Hvammur í fimmta sæti með 180 leitir á mánuði.

Staðir sem eru næstir inn á listann eru m.a. Hvammur, Laugar í Sælingsdal, Ólafsdalur og Staðarfell.

## 02 Vinsældir bæja á Vesturlandi í leit

Það er áhugavert að skoða hversu vinsælir bæir á Vesturlandi eru í leit á umræddum mörkuðum. Hafa ber í huga að tölurnar hér fyrir neðan eru fyrir leitir að nafni bæjar og öllum mögulegum tengdum leitarorðum, ekki endilega ferða- og/eða upplýsinga tengdum.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Bæir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Borgarnes	8.170	3.820	<b>11.990</b>	18.010	30.000	24.189
2	Stykkishólmur	6.810	2.440	<b>9.250</b>	11.770	21.020	561
3	Grundarfjörður	4.360	2.080	<b>6.440</b>	4.580	11.020	34.701
4	Akranes	3.000	1.980	<b>4.980</b>	14.600	19.580	35.594
5	Ólafsvík	2.490	1.510	<b>4.000</b>	4.940	8.940	8.460
6	Reykholt	1.740	880	<b>2.620</b>	3.410	6.030	6.420
7	Bifröst	1.300	420	<b>1.720</b>	4.110	5.830	6.739
8	Búðardalur	1.500	210	<b>1.710</b>	2.760	4.470	1.498
9	Hellissandur	1.100	330	<b>1.430</b>	1.630	3.060	3.299
10	Varmaland	520	180	<b>700</b>	4.090	4.790	302
12	Hvanneyri	70	40	<b>110</b>	980	1.090	1.203
13	Rif	50	20	<b>70</b>	250	320	35
11	Melahverfi	0	0	<b>0</b>	20	20	61

Tafla 7: Vinsældir bæja í leit.

Við skoðuðum þá ellefu bæi sem birtast á forsiðu west.is undir fyrirsögninni „Towns“ ásamt Varmalandi og Melahverfi.

### 03 Niðurstöður

Gögnin tala sínu máli hvað varðar leitaráhuga á helstu ferðamannastöðum á Vesturlandi. Við mælum alltaf með því að byggja ákvarðanir á gögnum og nýta gögnin til að rökstyðja ákvarðanir, t.d. af hverju eitt er valið fram yfir annað. Á sama tíma er mikilvægt að þið, Markaðsstofa Vesturlands, með ykkar þekkingu, reynslu og innsæi, metið hversu ákjósanlegir ferðamannastaðirnir eru til að vera aðdráttarafl svæðisins, sérstaklega til lengri tíma lítið.

Út frá fjölda leita á stærstu mörkuðunum, US og UK, þá skera fimm staðir sig úr:

- Snæfellsnes
- Kirkjufell
- Húsafell
- Glymur
- Borgarnes

Því skal þó haldið til haga að staðirnir í næstu sætum á eftir eru ekki langt undan í leitaráhuga, þannig að topp 10 listinn er nokkuð jafn, þó efsta sætið skeri sig klárlega úr.

Tveir seglanna á topp 5 eru á Snæfellsnesi, tveir eru í Borgarbyggð, og einn í Hvalfjarðarsveit. Oft getur verið gott að seglar svæðis séu ekki of nálægt hvor öðrum til að ekki sé of auðvelt fyrir ferðamenn að afgreiða þá alla á stuttum tíma. Markmið svæðisins hlýtur að vera að fá ferðamenn til að dvelja sem lengst, fara sem víðast um svæðið og verja sem mestum tíma á svæðinu. Sem betur fer eru helstu seglar Vesturlands ágætlega dreifðir um svæðið.

Hins vegar er mikill þéttleiki á seglum á topp 20 listanum þar sem 12 af þeim eru á Snæfellsnesinu. Greinilegt er að Snæfellsnesið nýtur mikilla vinsælda í leit, en það mætti segja að það væri bæði blessun og bölvun fyrir svæðið hvað framboðið er mikið á einu svæði. Það er gott að hafa þetta í huga þegar seglar svæðisins sem eiga að vera í forgrunni eru valdir.

Framboð af sterkum ferðamannastöðum og náttúruperlum er mikið, því er ljóst að ferðamannastaðir á Snæfellsnesi njóta gríðarlegra vinsælda. Átta af tuttugu vinsælustu ferðamannastöðum á Vesturlandi í leit eru dreifðir á tvö önnur bæjarfélög (Akranes og Hvalfjarðarsvæði og Borgarbyggð), og eitt til viðbótar á engan fulltrúa á topp 20 (Dalabyggð). Vinsældir ferðamannastaða vaxa ekki af sjálfu sér heldur þarf að vinna markvisst að því að búa til og byggja upp segla.

Eins og komið hefur fram er **Snæfellsnes** með 12 af 20 vinsælustu ferðamannastöðunum samkvæmt leitaráhuga í US og UK, og ber höfuð og herðar yfir aðra í leitaráhuga á Vesturlandi. Til að dreifa ferðamönnum enn betur um Vesturlandið er mikilvægt að það sé sterkur segull í hverju sveitarfélagi eða þá að minnsta kosti að hvert bæjarfélag sé með sterka

aðgreiningu um hvað það stendur fyrir og hafi upp á að bjóða. Snæfellsnesið er því helsti segull Vesturlandsins, með mikinn leitaráhuga og mikið framboð af ferðamannastöðum af vinsælum ferðamannastöðum eins og Kirkjufell, Snæfellsjökul, Stykkishólm, Arnarstapa og Grundarfjörð.

Ferðamannastaðir í námunda við segul gegna mikilvægu hlutverki – ef þeir eru nógu sterkir og áhugaverðir þá munu þeir laða ferðamenn að. Gott dæmi um þetta eru t.d. Friðheimar í Gullna hringnum, „Diamond Beach“ hjá Jökulsárlóni og svo fjölmargir staðir í og við Mývatn. Þá er ekki síður mikilvægt að afþreying og þjónusta (t.d. varðandi mat og gistingu) í námunda við segla séu undirbúin fyrir aukna umferð, bjóði upp á áhugaverða valkosti og sé í stakk búin til að þjónusta þá ferðamenn sem ferðast um svæðið umhverfis seglana. Allt ýtir þetta undir að ferðamenn velji að verja lengri tíma á svæðinu.

Hafa ber í huga að fjarlægðir og vegalengdir á milli staða hér á Íslandi eru tiltölulega stuttar t.d. í samanburði við Bandaríkin og Bretland. Langflestir erlendir ferðamenn sem koma til landsins nálgast vegalengdir og ferðatíma með öðrum hætti en Íslendingar. Samkvæmt Google maps þá tekur rúmar 5 klukkustundir að keyra á milli allra ferðamannastaðanna á topp 10 listanum. Með stoppum á öllum stöðunum þá myndi tæplega nást á einum degi að heimsækja þá alla en þetta er ágætt að hafa í huga, vegalengdirnar eru stuttar, á alþjóðlegan mælikvarða.

**Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið** er með tvo vinsæla ferðamannastaði, Glym og Hvammsvík. Glymur er með næstum tvöfalt fleiri leitir en Hvammsvík og er í fjórða sæti yfir segla Vesturlands. Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið ætti að leggja mikla áherslu á Glym og náttúrusvæðið þar í kring, en aðrir ferðamannastaðir á svæðinu gætu notið góðs af. Það eru einnig gríðarleg tækifæri í að auka vinsældir Hvammsvíkur, þar sem að áhugi á jarð- og sjóböðum er mjög mikill meðal ferðamanna.

**Borgarbyggð** er með fimm sterka ferðamannastaði, en þeir eru Húsafell, Borgarnes, Langjökull, Hraunfossar og Krauma. Allir þessir ferðamannastaðir rata inn á topp 20 listann. Húsafell nýtur mestra vinsælda í leit á þessu svæði, með að meðaltali 12.660 leitir á mánuði á US og UK markaði. Hér eru mikil tækifæri fyrir nærumhverfið að tengja sig við vinsældir Húsafells. Ekki skortir náttúruperlur á svæðinu, en dæmi um ferðamannastaði sem rötuðu ekki inn á topp 20 lista en geta notið góðs af vinsældum Húsafells eru Giljaböð, Víðgelmir, og Selgil Hotspring. Borgarnes er einnig í fyrsta sæti þegar það kemur að vinsældum bæja á Vesturlandi í leit, með að meðaltali 11.990 leitir á mánuði á US og UK markaði.

**Dalabyggð** er eina sveitarfélagið sem er ekki með fulltrúa á topp 20 listanum samkvæmt þessari úttekt. Búðardalur er vinsælasti ferðamannastaðurinn í Dalabyggð, en það kemur líklega fáum á óvart þar sem Búðardalur er þjónustumiðstöð Dalanna, þar sem ferða- og heimamenn geta sótt alla helstu þjónustu á svæðinu. Guðrúnarlaug er í öðru sæti, en á ansi langt í land til að ná leitarfjölda Búðardals. Eins og komið hefur fram er mikilvægt að það sé sterkur segull í hverju bæjarfélagi eða að minnsta kosti sterk aðgreining um hvað staðurinn stendur fyrir og hefur upp á að bjóða.

## 04 Ráðleggingar

Með hagsmuni svæðisins í heild þá mælum við með því að þeir seglar sem þið veljið sem áherslusegla séu eins dreifðir um Vesturlandið og hægt er, en þá aukast líkur á að ferðamenn verji meiri tíma á svæðinu.

Ljóst er hvaða staðir eru vinsælastir á Vesturlandi: Snæfellsnes, Kirkjufell, Húsafell, Glymur og Borgarnes. Eins og komið hefur fram er einnig greinilegt að Snæfellsnesið og ferðamannastaðir á Snæfellsnesinu njóta mikilla vinsælda á Vesturlandi, enda eru 6 af 10 seglum Vesturlands, út frá leitaráhuga, á Snæfellsnesi. Hafa ber hins vegar í huga að leitaráhugi er einungis einn mælikvarði af nokkrum sem hægt er að nota til að velja segla.

Snæfellsnesið er í sjálfu sér svæði en ekki ferðamannastaður sem slíkur, en leitaráhuginn er á þeim skala að það er gríðarlega mikilvægt fyrir Vesturland að nýta þann áhuga fyrir landsfjórðunginn í heild. Það er ljóst að Snæfellsnesið er vinsælasti einstaki staðurinn í landshlutanum og er það okkar ráðlegging að það svæði verði í forgrunni í ykkar markaðssetningu.

Við teljum mikilvægt að hvert svæði á Vesturlandi hafi einn sterkan segul eða þá hið minnsta sterkt auðkenni (e. *identity*) sem gæti skapað því sérstöðu þegar fram líða stundir. Einnig eru tækifæri fyrir nærumhverfi seglanna að tengja sig við vinsældir þeirra.

Í þessari greiningu var ekki skoðaður leitaráhugi á ferðatengdum þemum eins og t.d. „Northern lights“, „Horse riding“ og „Whale watching“. Þar gætu leynst áhugaverð tækifæri, bæði fyrir svæðið í heild en ekki síst fyrir einstök bæjarfélög, að skapa sér sérstöðu sem hægt er að tengja við stærra þema.

## 05 Nokkur orð um west.is

Vert er að nefna mikilvægi þess að vefurinn west.is endurspegli það sem ferðamenn vilja upplifa, sem og þá staði sem þið teljið að uppfylli þeirra kröfur. Það er alveg ljóst að opinberir ferðavefir, á borð við visitreykjavik.is og visiticeland.com, eru mikið notaðir við skipulagningu og bókun ferða.

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu frá árinu 2019 notuðu ferðamenn opinbera ferðavefi í 37,4% tilfella við skipulagningu ferða fyrir komuna til Íslands, en 35,7% þeirra nýttu sér þá eftir komuna til landsins við upplýsingaleit, skipulagningu og bókun.

Þetta undirstrikar mikilvægi þess að uppsetning og skipulag west.is sé í takt við það sem ferðamenn eru sannarlega að leita að. Að sama skapi er mikilvægt að seglum sé gert hátt undir höfði á vefnum í framsetningu efnis og með ítarlegri umfjöllun.

## 06 Framhaldið

Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands út frá leitaráhuga í Bandaríkjunum og Bretlandi er ein leið til að varpa ljósi á hverjir séu raunverulegir seglar svæðisins. Við teljum þessa skýrslu mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er hjá Markaðsstofu Vesturlands þar sem hægt er að byggja ákvarðanir á áreiðanlegum gögnum.

Það er alveg ljóst að það verða aldrei allir sáttir við val á seglum. Því er mjög mikilvægt að útskýra vel ávinning svæðisins í heild sem og hlutverk allra í sambandi við segla svæðisins. Það geta ekki allir verið seglar og því er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim tækifærum sem eru fólgin í því að vera nálægt segli. Það munu allir njóta góðs af, á einn eða annan hátt, þegar fleiri ferðamenn sækja Vesturlandið heim og verja þar meiri tíma en þeir hafa áður gert.

Ferðatengdur áhugi á ferðamannastöðum Vesturlands á tveimur stærstu erlendu mörkuðunum er svo sannarlega fyrir hendi og í því felast gríðarlega mikil tækifæri fyrir alla ferðaðþjónustuaðila á svæðinu. Nú er því rétti tíminn til að nýta sér þennan kraft, halda áfram öflugri uppbyggingu og ná enn meiri árangri með skýrari fókusi og aukinni samhæfingu.



## 07 Úrvinnsla gagna og heimildir

### Fjöldi leita

Hafa ber í huga að hér er ekki tæmandi listi yfir fjölda leita að viðkomandi stöðum, heldur fjöldi helstu ferða- og/eða upplýsingatengdra leitarorða sem vísa til þessara staða. Fjöldi leita að meðaltali á mánuði gefur því mjög sterka vísbendingu um vinsældir viðkomandi staða.

Samkvæmt Google má skilgreina fjölda leita á mánuði á eftirfarandi hátt:

*„Average monthly searches (“Avg. monthly searches”) shows the average number of searches for this keyword and its close variants based on the month range as well as the location and ‘Search Network’ settings you selected. You can use this information to see how popular your keywords are during different times of the year.“*

### Markaðir

Í þessari greiningu skoðum við þrjá markaði:

- US: Bandaríkin, hlutfall ferðamanna 2023 var 28,3%, stærð markaðar 288 millj.
- UK: Bretlandseyjar, hlutfall ferðamanna 2023 var 12,5%, stærð markaðar 62 millj.
- IS: Ísland, allar leitir þegar fólk er staðsett á Íslandi, bæði heimamenn og ferðamenn á landinu, stærð markaðar: 367 þús.

Megináhersla er lögð á US og UK og því réð leitaráhugi á þeim mörkuðum för. US er stærsti markaður íslenskrar ferðapjónustu og UK er næststærstur, en þó töluvert minni. IS markaður er hafður með, bæði til að sjá mögulegan áhuga heimamanna en ekki síst til að sjá leitir ferðamanna þegar þeir eru á ferðalagi á landinu. Tölur frá IS voru hins vegar ekki látnar hafa áhrif á val og röðun á vinsælustu stöðunum, sérstaklega vegna þess að óvíst er hvort leitirnar séu gerðar af heimamönnum eða ferðamönnum. Nánari og dýpri skoðun á þessum gögnum væri efni í aðra greiningu.

Eftirfarandi tól voru notuð við gagnaöflun:

- SemRush
- Google Ads
- Instagram

Einnig voru nýtt gögn frá:

- West.is – Google Analytics
- West.is – vefur

- Ýmsar greinar um ferðamannastaði Vesturlands
- Google Trends
- Ferðamálastofa – „Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf“
- Markaðsstofa Vesturlands – gögn

## 08 Viðauki: Trend í leit

Í þessum hluta skoðum við sérstaklega topp 10 vinsælustu ferðamannastaðina á Vesturlandi og könnum hvort leit að þessum stöðum fari dvínandi eða hafi aukist yfir fimm ára tímabil.


Einnig gerum við stuttlega grein fyrir leitaráhuga yfir fimm ára tímabil í Bandaríkjunum sem er stærsti einstaki markaður íslenskrar ferðaþjónustu. Línuritinn koma frá Google Trends og eru á skalanum 0 til 100, þau sýna hlutfallslegan leitaráhuga þar sem að 100 sýnir mestan áhuga á tímabilinu og 50 sýnir að leitaráhuginn hafi verið helmingi minni en þegar hann var mestur. 0 þýðir þó ekki enginn leitaráhugi, heldur lítill leitaráhugi.

### Snæfellsnes

Mikill leitaráhugi hefur verið á Snæfellsnesi síðustu árin, hér má sjá þróunina í leitaráhuga síðustu 5 árin. Leitaráhuginn var minni haustið 2020 en það útskýrist líklegast af Covid. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í lok maí 2023. Miðað við tölur þá virðist leitaráhuginn vera svipaður það sem af er ári 2024 miðað við síðustu tvö árin.

Interest over time 




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Snæfellsnes.*

### Kirkjufell

Leitaráhuginn er meiri á Kirkjufelli eftir COVID-19 faraldurinn. Mestur áhugi á síðustu fimm árum var hinsvegar í lok desember 2023 og byrjun árs 2024.

Interest over time 




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Kirkjufell.*

## Húsafell

Mestur áhugi á Húsafelli var í byrjun ágúst 2022. Eins og á mörgum öðrum stöðum er leitaráhugi í dvala á meðan COVID-19 faraldur stendur yfir.

Interest over time [?](#)




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Húsafell.*

## Glymur

Mestur áhugi á Glymi var í byrjun sumars 2022. Leitaráhuginn virðist vera þéttari frá október 2023 og náði aftur hámarki í lok febrúar 2024.

Interest over time [?](#)




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Glymur.*

## Borgarnes

Í byrjun mars 2021–september 2023 var leitaráhuginn nokkuð jafn og hefur verið nokkuð jafn síðan þá. Leitin dettur niður lítillega niður á veturna en er svo fremur jafn yfir sumartímann. Mestur áhugi var í lok árs 2021.

Interest over time [?](#)




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Borgarnes.*

## Snæfellsjökull

Leitaráhuginn var mestur í maí 2019. Leitaráhuginn dvínar í kringum Covid-19 tímabilið en eykst örlítið eftir Covid-19.

Interest over time 




Leitaráhugi sl. fimm ára: Snæfellsjökull.

## Stykkishólmur

Eins og á mörgum öðrum stöðum er leitaráhugi í dvala á meðan COVID-19 faraldri stóð. Leitaráhuginn var nokkuð ójafn til maí 2021, leitaráhuginn varð fremur mikill þangað til í byrjun sumars 2022. Síðan þá hefur leitaráhuginn var nokkuð ójafn.

Interest over time 




Leitaráhugi sl. fimm ára: Stykkishólmur.

## Langjökull

Áhuginn á Langjökli á síðustu 5 árum var mestur árið 2020. Áhuginn hefur verið meiri á sl. 2 árum heldur en árin þar á undan.

Interest over time 




Leitaráhugi sl. fimm ára: Langjökull.

## Arnarstapi

Mesturáhugi á Arnarstapa var árið 2022 og hefur áhuginn verið töluverður síðan.

Interest over time ⓘ




Leitaráhugi sl. fimm ára: Arnarstapi.

## Grundarfjörður

Áhuginn hefur verið nokkuð mikill undanfarin ár en mestur var hann á þessu 5 ára tímabili í lok árs 2021.


Interest over time ⓘ



Leitaráhugi sl. fimm ára: Grundarfjörður.

## 09 Viðauki: Myndir

### Akranes og Hvalfjörður




Mynd 2: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði á Akranesi og í Hvalfirði.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Glymur	6.300	6.200	<b>12.500</b>	11.520	24.020	25.327
2	Hvammsvík	4.310	2.020	<b>6.330</b>	6.860	13.190	1.933
3	Akranes	3.000	1.980	<b>4.980</b>	14.600	19.580	35.594
4	Hvalfjörður	2.020	840	<b>2.860</b>	2.320	5.180	11.664
5	Hafnarfjall	610	360	<b>970</b>	770	1.740	1.512

Tafla 3: Ferðamannastaðir fyrir Akranes og Hvalfjörð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Borgarbyggð



Mynd 3: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Borgarbyggðar út frá leitaráhuga.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Húsafell	9.060	3.600	<b>12.660</b>	9.720	22.380	19.825
2	Borgarnes	8.170	3.820	<b>11.990</b>	18.010	30.000	24.189
3	Langjökull	5.520	3.230	<b>8.750</b>	4.210	12.960	29.169
4	Hraunfossar	3.040	1.260	<b>4.300</b>	3.700	8.000	20.932
5	Krauma	2.160	910	<b>3.070</b>	4.890	7.960	2.729

Tafla 4: Ferðamannastaðir í Borgarbyggð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.



## Snæfellsnes



Mynd 4: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði á Snæfellsnesi út frá leitaráhuga.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Snæfellsnes	21.650	6.720	<b>28.370</b>	21.910	50.280	216.646
2	Kirkjufell	10.800	4.090	<b>14.890</b>	9.120	24.010	148.650
3	Snæfellsjökull	8.820	2.020	<b>10.840</b>	4.910	15.750	35.101
4	Stykkishólmur	6.810	2.440	<b>9.250</b>	11.770	21.020	25.216
5	Arnarstapi	5.650	1.660	<b>7.310</b>	4.820	12.130	22.610

Tafla 5: Ferðamannastaðir á Snæfellsnesi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Dalabyggð



Mynd 5: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Dalabyggðar út frá leitaráhuga.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Búðardalur	1.500	210	1.710	2.760	4.470	1.498
2	Guðrúnarlaug	500	130	630	640	1.270	463
3	Eiríksstaðir	290	130	420	580	1.000	592
4	Erpsstaðir	280	100	380	700	1.080	420
5	Hvammur	100	80	180	630	810	Na

Tafla 6: Ferðamannastaðir í Dalabyggð með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## 10 Viðauki - leitaráhugi í Þýskalandi og Frakklandi

Í þessum viðauka gerum við grein fyrir úttekt á leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi á völdum ferðamannastöðum á Vesturlandi.

Að beiðni Markaðsstofu Vesturlands þá voru eftirtaldir staðir teknir út m.t.t. leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi:

Glymur, Hvammsvík, Akranes, Hvalfjörður, Hafnarfjall, Húsafell, Borgarnes, Langjökull, Hraunfossar, Krauma, Snæfellsnes, Kirkjufell, Snæfellsjökull, Stykkishólmur, Arnarstapi, Búðardalur, Guðrúnarlaug, Eiríksstaðir, Erpsstaðir, Leif Eiríksson Center, Grundarfjörður, Búðir, Búðakirkja, Ólafsvík, Hellnar, Kirkjufellsfoss, Djúpalónssandur, Lóndrangar, Grábrók, Reykholt, Víðgelmir, Vatnshellir, Deildartunguhver og Into the glacier.

Þar að auki voru þessir staðir teknir með til þess að athuga hvort það væri sérstakur leitaráhugi á þeim á þessum mörkuðum:

Þórufoss, Akranesvitar (Old Akranes Lighthouse), Langisandur, Guðlaug, Hellissandur og Bjarteyjarsandur.

Það er mikilvægt að skoða leitaráhuga þessa tveggja markaða. Ef skoðaðar eru brottfarir erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll sl. 12 mánuði þá eru þessir tveir markaðir í þriðja og fimmta sæti yfir fjölda. Einnig ber að geta að ferðamenn frá þessum löndum er með hæstan meðalfjölda gistinotta allra ferðamanna sem sækja landið heim, Þýskaland með 9,6 nætur og Frakkland 9,5.

Í þessum viðauka tökum við fyrir leitaráhuga á tveimur mörkuðum:

- **DE:** Leitir að meðaltali á mánuði í Þýskalandi sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 69 millj.)
- **FR:** Leitir að meðaltali á mánuði í Frakklandi sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 66 millj.)

## Vinsælustu ferðamannastaðir Vesturlands – topp 10

Hér fyrir neðan sjáum við topp 10 vinsælustu ferðamannastaðina út frá leitaráhuga annars vegar í Þýskalandi og hins vegar Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
1	Snæfellsnes	6.830	1	Snæfellsnes	4.450
2	Kirkjufell	4.520	2	Kirkjufell	2.880
3	Snæfellsjökull	3.260	3	Snæfellsjökull	2.200
4	Borgarnes	3.040	4	Hraunfossar	1.800
5	Hraunfossar	2.580	5	Borgarnes	1.700
6	Arnarstapi	2.570	6	Arnarstapi	1.620
7	Glymur	2.370	7	Stykkishólmur	1.360
8	Stykkishólmur	1.920	8	Glymur	1.210
9	Akranes	1.870	9	Langjökull	1.180
10	Grundarfjörður	1.720	10	Húsafell	1.130

Tafla 10: Ferðamannastaðir á Vesturlandi með flestar leitir að meðaltali á mánuði í DE og FR.

## Aðrir ferðamannastaðir

Hér fyrir neðan birtum við lista yfir aðra ferðamannastaði sem skoðaðir voru m.t.t. leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi. Þeim er raðað eftir fjölda leita, annars vegar fyrir Þýskaland og hins vegar Frakkland.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
11	Húsafell	1.570	11	Akranes	1.000
12	Langjökull	1.420	12	Hvalfjörður	970
13	Kirkjufellsfoss	1.100	13	Grundarfjörður	890
14	Djúpalónssandur	1.070	14	Krauma	770
15	Hvammsvík	1.050	15	Búðakirkja	670
16	Ólafsvík	1.040	16	Lóndrangar	670

17	Deildartunguhver	1.030
18	Krauma	1.020
19	Lóndrangar	940
20	Búðakirkja	890
21	Hvalfjörður	820
22	Víðgelmir	790
23	Vatnshellir	770
24	Grábrók	740
25	Hellnar	600
26	Búðir	540
27	Hellissandur	490
28	Into the glacier	480
29	Þórufoss	330
30	Búðardalur	330
31	Guðlaug	200
32	Reykholt	200
33	Guðrúnarlaug	200
34	Eiríksstaðir	150
35	Erpsstaðir	80
36	Bjarteyjarsandur	70
37	Akranesviti	50
38	Hafnarfjall	30
39	Langisandur	20
40	Leif Eiríksson Center	0

17	Djúpalónssandur	650
18	Hvammsvík	640
19	Kirkjufellsfoss	600
20	Deildartunguhver	580
21	Grábrók	570
22	Ólafsvík	560
23	Víðgelmir	480
24	Hellnar	430
25	Vatnshellir	400
26	Búðir	390
27	Hellissandur	360
28	Into the glacier	320
29	Þórufoss	190
30	Búðardalur	160
31	Erpsstaðir	130
32	Eiríksstaðir	120
33	Guðlaug	100
34	Guðrúnarlaug	100
35	Reykholt	80
36	Bjarteyjarsandur	70
37	Langisandur	50
38	Akranesviti	40
39	Hafnarfjall	30
40	Leif Eiríksson Center	0

Tafla 11: Aðrir ferðamannastaðir á Vesturlandi, raðað eftir fjölda leita í DE og FR.

## Ferðamannastaðir fyrir Akranes- og Hvalfjarðarsvæðið

Í töflu 12 má sjá ferðamannastaði á Akranes- og Hvalfjarðarsvæðinu út frá leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
1	Glymur	2.370	1	Glymur	1.210
2	Akranes	1.870	2	Akranes	1.000
3	Hvammsvík	1.050	3	Hvalfjörður	970
4	Hvalfjörður	820	4	Hvammsvík	640
5	Þórufoss	330	5	Þórufoss	190

Tafla 12: Ferðamannastaðir fyrir Akranes og Hvalfjörð út frá leitaráhuga í DE og FR.

## Ferðamannastaðir fyrir Borgarbyggð

Í töflu 13 má sjá ferðamannastaði fyrir Borgarbyggð út frá leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
1	Borgarnes	3.040	1	Hraunfossar	1.800
2	Hraunfossar	2.580	2	Borgarnes	1.700
3	Húsafell	1.570	3	Langjökull	1.1180
4	Langjökull	1.420	4	Húsafell	1.130
5	Deildartunguhver	1.030	5	Krauma	770

Tafla 13: Ferðamannastaðir í Borgarbyggð út frá leitaráhuga í DE og FR.

## Ferðamannastaðir Snæfellsness

Í töflu 14 má sjá fimm ferðamannastaði á Snæfellsnesi út frá leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
1	Snæfellsnes	6.830	1	Snæfellsnes	4.450
2	Kirkjufell	4.520	2	Kirkjufell	2.880
3	Snæfellsjökull	3.260	3	Snæfellsjökull	2.200
4	Arnarstapi	2.570	4	Arnarstapi	1.620
5	Stykkishólmur	1.920	5	Stykkishólmur	1.360

Tafla 14: Ferðamannastaðir á Snæfellsnesi út frá leitaráhuga í DE og FR.

## Ferðamannastaðir Dalabyggðar

Í töflu 15 má sjá fimm ferðamannastaði í Dalabyggð út frá leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði			Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði		
	Ferðamannastaðir	DE		Ferðamannastaðir	FR
1	Búðardalur	330	1	Búðardalur	160
2	Guðrúnarlaug	200	2	Erpsstaðir	130
3	Eiríksstaðir	150	3	Eiríksstaðir	120
4	Erpsstaðir	80	4	Guðrúnarlaug	100
5	Leif Eiríksson Center	0	5	Leif Eiríksson Center	0

Tafla 15: Ferðamannastaðir í Dalabyggð út frá leitaráhuga í DE og FR.

Leitaráhuginn fyrir Leif Eiríksson Center var einnig skoðaður fyrir US og UK markað. Það mældist enginn leitaráhugi á þessum mörkuðum sl. 12 mánuði. Einnig var skoðað fyrir Vínlandssetrið en þar var heldur enginn áhugi.

## Niðurstöður auka úttektar

Hér sjáum við aftur þá ferðamannastaði á Vesturlandi sem eru vinsælastir í leit á US og UK mörkuðum, en að viðbættum leitaráhuga fyrir þessa ferðamannastaði í Þýskalandi og Frakklandi.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði									
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	DE	FR	#myllumerki
1	Snæfellsnes	21.650	6.720	<b>28.370</b>	21.910	<b>50.280</b>	6.830	4.450	216.646
2	Kirkjufell	10.800	4.090	<b>14.890</b>	9.120	<b>24.010</b>	4.520	2.880	148.650
3	Húsafell	9.060	3.600	<b>12.660</b>	9.720	<b>22.380</b>	1.570	1.130	19.825
4	Glymur	6.300	6.200	<b>12.500</b>	11.520	<b>24.020</b>	2.370	1.210	25.327
5	Borgarnes	8.170	3.820	<b>11.990</b>	18.010	<b>30.000</b>	3.040	1.700	24.189
6	Snæfellsjökull	8.820	2.020	<b>10.840</b>	4.910	<b>15.750</b>	3.260	2.200	35.101
7	Stykkishólmur	6.810	2.440	<b>9.250</b>	11.770	<b>21.020</b>	1.920	1.360	25.216
8	Langjökull	5.520	3.230	<b>8.750</b>	4.210	<b>12.960</b>	1.420	1.180	29.169
9	Arnarstapi	5.650	1.660	<b>7.310</b>	4.820	<b>12.130</b>	2.570	1.620	22.610
10	Grundarfjörður	4.360	2.080	<b>6.440</b>	4.580	<b>11.020</b>	1.720	890	17.987

Tafla 16: Ferðamannastaðir á Vesturlandi með flestar leitir að meðaltali á mánuði í US og UK. Leitaráhugi í DE og FR til hliðsjónar.

Þegar rýnt er í þennan lista þá sést að Snæfellsnesið ber líka höfuð og herðar yfir aðra staði þegar kemur að leitaráhuga í Þýskalandi og Frakklandi. Ef við berum þennan lista saman við topp 10 lista Þýskalands og Frakklands, þá er flest eftir bókinni þó að innbyrðis röðun staða sé misjöfn.

- Fyrir Þýskaland þá er topp 10 listinn svipaður US/UK, nema að Húsafell og Langjökull komast ekki á topp 10, en Hraunfossar og Akranes taka sæti þeirra í vinsældum á Þýskalandsmarkaði.
- Fyrir Frakkland þér topp 10 listinn líka mjög svipaður og US/UK, nema Grundarfjörður kemst ekki þar inn en Hraunfossar taka sæti þeirra í vinsældum á Frakklandsmarkaði.